

Sel Íslenska 3. bekkur 2020-2021

Kennarar: Áslaug Tóka Gunnlaugsdóttir; Elsa A Serrenho
Valdemarsdóttir; Erla Björk Theodórsdóttir

Lýsing

Íslenska skiptist í talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið er samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla, 2013.

Lögð er áhersla á að nemendur þjálfist í íslensku í öllum námsgreinum þess vegna má segja að allir kennarar séu íslenskukennarar. Með íslenskukennslu eiga nemendur að öðlast jákvætt viðhorf til íslensku og kynnast margbreytileika og áhrifamætti tungunnar. Lögð er áhersla á að nemendur fái tækifæri til að leika sér með tungumálið með ýmsum hætti.

Markmið:

Lögð er áhersla á að nemendur þjálfist í íslensku í öllum námsgreinum þess vegna má segja að allir kennarar séu íslenskukennarar. Með íslenskukennslu eiga nemendur að öðlast jákvætt viðhorf til íslensku og kynnast margbreytileika og áhrifamætti tungunnar. Lögð er áhersla á að nemendur fái tækifæri til að leika sér með tungumálið með ýmsum hætti

Námsefni:

Ritrún Lesrún Við lesum Efni útbúið af kennara Lestrarbækur við hæfi hvers og eins

Kennsluaðferðir:

Notast er við fjölbreyttar kennsluaðferðir s.s. einstaklingskennslu, hópavinna, innlagnir, umræðu og spurnaraðferðir, lausnaleit og söguaðferð.

Námsmat:

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskóla liggja til grundvallar námsmats. Mat birtist reglulega yfir veturinn á hæfnikorti hvers nemanda.

SEL íslenska 3.bekkur 2020- 2021* - Talað mál, hlustun og áhorf

- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.
- Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.
- Nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi.
- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.
- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

SEL íslenska 3.bekkur 2020- 2021* - Lestur og bókmenntir

- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.
- Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.
- Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu.
- Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.
- Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.
- Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.
- Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi.
- Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.
- Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.
- Lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.

SEL íslenska 3.bekkur 2020- 2021* - Ritun

- Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.

- Beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi.
- Nemandi getur byrjað setningu á stórum staf og endað á punkti.
- Þekki uppbyggingu ritunar í texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.
- Þjálfist í að skrifa texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.
- Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.
- Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.

SEL íslenska 3.bekkur 2020- 2021* - Málfræði

- Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.
- Þjálfist í að nota nafnorð.
- Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum.
- Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.
- Nemandi kynnist grunnatriðum bragfræðinnar s.s. *rími*.
- Nemandi kann stafrófið og vinna með það.
- Búið til málsgreinar.
- Þjálfist í að nota lýsingarorð.

SEL íslenska 3.bekkur 2020- 2021*

- Nemandi kunni skil á andheitum/samheitum.
- Þjálfist í að nota sagnorð.
- Nemandi hafi kynnst samhljóðum/sérhljóðum.
- Nemandi þekki mun á stórum og litlum staf.
- Nemandi kunni skil á samsettum orðum.
- Nemandi hafi kynnst kyni nafnorða. (kk-kvk-hk)

- Nemandi hafi kynnst reglunni um tvöfaldan samhljóða.
- Nemandi geti skrifað sögu með upphafi, miðju og endi.
- Nemandi kunni skil á eintölum og fleirtölu.
- Nemandi hafi kynnst reglunni um ng/nk.
- Aston Index- stafsetningapróf (20 atriði).

- **Fuglar**

Skoðaðir verða ýmsar tegundir af fuglum. Nemendur velja sér fugl og læra um hann og kynna fyrir hópnum. Nemandi teiknar sinn eigin fugl,

- **Heimsálfurnar**

Nemendur kynnast heimsálfunum sjö og hvað einkennir þær.

- **Herramenn og ungfrúr**

Nemendur lesa bækurnar um herra mennina og ungfrúrnar. Síðan búa nemendur til sinn eigin herra mann eða ungfrú.

- **Hrekkjavaka**

Unnið verður með skrímsli, Nemendur búa til sitt eigið skrímsli og fjallað um alls konar furðuverur.

- **Jólaleg jól**

Unnið verður með bókina Jólaleg jól og unnin ýmis konar jólaleg verkefni

- **Komdu og skoðaðu himingeiminn**

Lesin er bókina Komdu og skoðaðu himingeiminn og unnin verkefni tengd henni. Markmiðið er að nemendur þekki að jörðin er byggð upp af: kjarna, möttli, jarðskorpu, hafi og hjúp. Að nemendur þekki reikistjörnurnar átta í sólkerfinu okkar og viti hvar þær eru staðsettar í röðinni frá sólu.

Lesið verður sagan um Bláa hnöttinn og nemendur fá tækifæri á að skapa sína eigin plánetu.

- **Kýrin sem kunnir ekki að baula**

Lífsleiknisaga um sjálfsvitund. Lögð verður áhersla á tjáningu og að efla sjálfstraust nemenda.

- **Land og þjóð**

Lesin verður bókina Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti og verkefni unnin út frá henni.

- **Nú haustar að**

Unnið verður með ljóðið Nú haustar að eftir Vilborgu Dagbjartsdóttur. Lögð verður áhersla á upplestur, framburð og hlustun.

Í framhaldi munu nemendar semja sitt eigið haustljóð og myndskreyta.

- **Sjáðu Maddit það snjóar**

Unnið verður með nafnorð (sérnöfn/samnöfn), lýsingarorð og ýmis verkefni tengd þeirri vinnu.

- **Stafrófið**

Unnið verður með stafrófsvísuna. Lögð verður áhersla á að raða í stafrófsröð.

- **Stafsetningaræfingar**

Ýmsar stafsetningaræfingar

- **Sumarið mitt**

Sumarið mitt er verkefni þar sem nemendur hugleiða hvað þeir gerðu síðasta sumar. Lögð verður áhersla á góðan frágang og að setningar byrji á stórum staf og endi á punkti.

- **Verkefni um mig**

Nemendur lýsa sjálfum sér og kynnast helstu upplýsingum um sig og fjölskyldur sínar.